



Minjasafn Austurlands

Ársskýrsla 2018

Minjasafn Austurlands
Ársskýrsla 2018

© Minjasafn Austurlands

Öll réttindi áskilin

Forsíðumynd: Frá sýningunni Austfirskt fullveldi – sjálfbært fullveldi?

Útgefandi: Minjasafn Austurlands

Ritstjóri og ábyrgðarmaður útgáfu: Elsa Guðný Björgvinsdóttir

Höfundar efnis: Elsa Guðný Björgvinsdóttir

ISSN 1670-8059

Egilsstaðir, 2019

Efnisyfirlit

Formáli	4
1. Inngangur.....	5
2. Ný starfsstefna.....	5
3. Starfsmannamál	5
4. Störf stjórnar.....	5
5. Opnunartími.....	6
6. Rekstur og fjármál	6
7. Styrkir	7
8. Safnkostur: Afhendingar, skráning, varðveisla, útlán	7
8.1 Afhendingar og skráningar	7
8.2 Útlán	8
8.3 Varðveislurými: Flutningar og endurskipulagning.....	8
8.4 Forvarsla textíla úr eigu Jóhannesar Kjarvals	8
8.5 Kjarvalshvammur	9
9. Gestafjöldi og heimsóknir	9
10. Húsnæðismál	10
10.1 Viðbygging við Safnahús	10
10.2 Eftirlit Safnaráðs.....	11
10.3 Eldvarnarbandalagið.....	11
11. Sýningar	12
11.1 Grunnsýning	12
11.2 Austfirskt fullveldi – sjálfbært fullveldi?	12
11.3 Nr. 2. Umhverfing	13
11.2 Gengið fyrir gafl.....	13
11.4 Kona á skjön.....	14
11.5 Jólagluggi Pálínu Waage	14
12. Viðburðir og verkefni.....	15
12.1 Öskupokasmiðja	15
12.2 Með öræfin í bakgarðinum	15
12.3 BRAS	15
12.4 Fjölskyldusamvera á aðventu	16
12.5 Bókavaka	16
13. Heimasíða og samfélagsmiðlar.....	17
14. Safnfræðsla.....	17
14.1 Skólaheimsóknir	17
14.2 Námsefni Minjasafnsins	18
14.3 Hauksbókarsjóður.....	18
15. Ráðstefnur, fundir, námskeið og samstarf	19
15.1 Fundir og námskeið	19
15.2 Farskóli FÍSOS	19
15.3 Aðild að félögum.....	20
15.4 Ljósmýndasafn Austurlands	20
16. Markaðssetning og fjölmiðlaumfjallanir	20
17. Lokaorð	21

Formáli

Fyrir sveitastjórnarkosningarnar í maí síðastliðnum sendi Félag íslenska safna og safnmanna; Félag íslenskra safnfræðinga og Fagdeild safnmanna innan Fræðagarðs frá sér ályktun þar sem framboð til sveitastjórnarkosninga voru spurð hvort söfn væri á þeirra stefnuskrá. Hvöttu félögin til umræðu meðal frambjóðenda um stöðu safna landsins og minnt var á að flest sveitarfélög landsins rækju a.m.k. eina stofnun sem félli undir safnalög. Bent var á að ábyrgð sveitarfélaganna væri rík, bæði hvað varðaði rekstur safna og framtíðarsýn í málaflokknum. Í ályktuninni sagði meðal annars: „Söfn eru mikilvægur þáttur í samfélagsgerðinni á Íslandi, innan menningar- og efnahagslífs. Árlega sækja þau rúmlega 1.000.000 gestir á landsvísu. Söfn landsins safna, rannsaka og miðla menningararfinum og varðveita hann til framtíðar.“

Það var engin tilviljun að félögin sendu frá sér þessa ályktun á þessum tíma því upp höfðu komið nokkur dæmi hér á landi þar sem faglegu starfi safna var stefnt í voða vegna þess að ekki virtist vera nægilegur skilningur á eðli starfs þeirra og mikilvægi meðal eigenda þeirra. Skilningsleysi á starfssemi safna hefur komið fram víðar. Ólga er nú meðal safnafólks vegna nýs starfsmats BHM þar sem háskólamenntað fólk sem gegnir störfum á söfnum raðast verulega neðarlega. Það virðist sem sú ábyrgð sem felst í því að gæta menningarverðmæta þjóðarinnar sé ekki mikils metin miðað við margt annað. Ábyrgð þeirra sem gæta menningararfsins er samt mikil og þessa ábyrgð er mikilvægt að viðurkenna. Við viljum að það sé hæft fólk sem varðveitir, gætir og miðlar menningarverðmætum þjóðarinnar til komandi kynslóða og þessa ábyrgð þarf að meta til launa.

Þó víða hafi orðið vart við skilningsleysi á eðli og mikilvægi safnastarfs er ekki annað að sjá en að þau sveitarfélög sem standa að Minjasafni Austurlands skilji vel mikilvægi safnsins í samfélaginu og axli þá ábyrgð sem felst í því að eiga og reka safn. Sveitarfélögin hafa staðið vel við bakið á safninu á undanförunum árum, lagt ákveðnar kröfur á herðar þess og haft metnað til að vinna með safninu að uppbyggingu og bættum starfsskilyrðum. Það er mikilvægt fyrir söfn að hafa traust bakland til að þau geti varðveitt sögu síns svæðis með faglegum hætti, staðið um hana vörð og miðlað áfram til komandi kynslóða. Megi svo áfram verða hér á þessu svæði.

Elsa Guðný Björgvinsdóttir, safnstjóri

1. Inngangur

Starfssemi Minjasafns Austurlands var blómleg og fjölbreytt á árinu 2019. Sumarsýningar safnsins voru tvær og voru þær báðar afrakstur farsælla samstarfsverkefna sem safnið tók þátt í. Safnið tók virkan þátt í fyrstu barnamenningarhátíð sem haldin hefur verið á Austurlandi (BRAS) og ráðist var í fyrsta áfanga endurbóta á sumarhúsi Kjarvals í Kjarvalshvammi. Gestum fjölgaði nokkuð frá fyrri árum og safnfræðsla safnsins var áfram vinsæl. Stór skref voru stigin í átt að nýrri viðbyggingu við Safnahúsið og ný starfsstefna safnsins tók gildi. Ný stjórn var skipuð yfir safnið á árinu í kjölfar sveitarstjórnarkosninga og starfskonur safnsins sóttu fróðlegan Farskóla Safnmanna í Dublin á Írlandi, svo fátt eitt sé nefnt. Hér á eftir verður stiklað á stóru og farið yfir helstu þætti í starfsemi Minjasafnsins á árinu 2018.

2. Ný starfsstefna

Á fjögurra ára fresti setur Minjasafn Austurlands sér starfsstefnu þar sem áherslur starfseminnar næstu árin eru tíundaðar og sett fram markmið sem ætlunin er að ná á næstu fjórum árum. Um áramótin rann fyrri starfsstefna Minjasafnsins út en vinna við nýja stefnu hófst haustið 2017. Ný starfsstefna var svo samþykkt af stjórn á aðalfundi í apríl. Stefnan er unnin með hliðsjón af Safnastefnu á sviði menningarminja sem Þjóðminjasafn Íslands gefur út og Menningarstefnu Fljótsdalshéraðs sem kom út árið 2016. Stefnunni er skipt upp í sjö málaflokka sem eru: Fagmennska, mannauður, húsnaði; Fjármál; Safnkostur; Sýninga- og viðburðahald; Rannsóknir, tengsl og samstarf; Útgáfa og miðlun; og Sjálfbærni. Undir hvern málaflokk eru sett fram ákveðin markmið og leiðir að þeim. Stefnuna er hægt að nálgast á heimasíðu Minjasafnsins.

3. Starfsmannamál

Starfsmannamál Minjasafnsins voru óbreytt á árinu. Elsa Guðný Björgvinsdóttir var safnstjóri í 100% starfi og safnverðir voru Beata Brodowska í 100% starfi og Edda Björnsdóttir í 50% starfi. Minjasafnið og Héraðsskjalasafn Austfirðinga réðu sameiginlegan sumarstarfsmann, Rannveigu Lóu Haraldsdóttur, sem sinnti gæslu og gestamóttöku á Minjasafninu á móti föstum starfsmönnum og sinnti einnig verkefnum á Héraðsskjalasafninu.

4. Störf stjórnar

Stjórn safnsins var óbreytt framan af ári. Hana skipuðu þær Maríanna Jóhannsdóttir (formaður), Margrét Dögg Guðgeirsdóttir Hjarðar (ritari) og Gunnhildur Ingvarsdóttir fyrir

Fljótsdalshérað; Þórdís Sveinsdóttir fyrir Fljótsdalshrepp og Kristjana Björnsdóttir fyrir Borgarfjarðarhrepp. Varamenn voru þeir Skarphéðinn Þórisson og Páll Sigvaldason fyrir Fljótsdalshérað; Gunnar Jónsson fyrir Fljótsdalshrepp og Björn Aðalsteinsson fyrir Borgarfjarðarhrepp.

Ný stjórn var skipuð í kjölfar sveitastjórnarkosninga. Hana skipa nú Ásdís Helga Bjarnadóttir (formaður), Steinar Ingi Þorsteinsson (ritari) og Guðrún Ragna Einarsdóttir fyrir Fljótsdalshérað en Kristjana Björnsdóttir (varaformaður) og Þórdís Sveinsdóttir voru áfram fulltrúar Borgarfjarðarhrepps og Fljótsdalshrepps og varamenn þeirra voru þeir sömu. Varamenn fulltrúa Fljótsdalshéraðs eru þær Jónína Brynjólfssdóttir, Sigrún Blöndal og Sigríður Þráinsdóttir.

Stjórn kom fjórum sinnum saman á árinu (eldri stjórn tvisvar og ný stjórn tvisvar) og eru fundargerðir stjórnarfundar aðgengilegar á heimasíðu Minjasafnsins.

5. Opnunartími

Frá 1. janúar til 31. maí var vetraropnunartími safnsins í gildi en þá var safnið opið þriðjudaga til föstudaga frá klukkan 11:00 til 16:00. Tekið var á móti hópum, t.d. skólahópum, utan þess tíma ef óskað var eftir því. Nýr sumaropnunartími tók gildi 1. júní en þá var safnið opið alla daga frá 10:00-18:00. Vetraropnunartími tók síðan aftur við 1. september. Aðgangseyrir að safninu var 1000 krónur fyrir 18 ára og eldri.

6. Rekstur og fjármál

Rekstrartekjur Minjasafnsins á árinu 2018 voru rúmar 30,6 millj en áætlun gerði ráð fyrir tæpum 26 millj. Þar af voru framlög aðildarsveitarfélaga til rekstur safnsins rúmar 26 millj. en áætlun hafði gert ráð fyrir tæpum 24 millj. Ástæða hækkunar á framlögum sveitarfélaganna var rúmlega 2 millj. króna viðbótarframlag sem sveitarfélögin greiddu til safnsins vegna uppgjörs við Brú lífeyrissjóð (sjá nánar í ársskýrslu 2017). Safnið fékk 700 þús. í rekstrarstyrk úr Safnasjóði og aðgangseyrir nam tæplega 1,3 millj. Þá fékk safnið 2,3 millj. í verkefnastyrki (sjá kafla 6).

Rekstrargjöld ársins 2018 námu samkvæmt ársreikningi 41,6 millj. Þar af voru laun og launatengd gjöld 18,6 millj. Handbært fé var í árslok 2,2 millj.

Niðurstaða rekstrarreiknings Minjasafnsins fyrir árið 2016 er rekstrartap upp á 10,9 milljónir króna. Skýrist niðurstaðan af gjaldfærðri húsaleigu vegna Laufskóga 1 sem nemur 11,9 millj., en umsamið kaupverð á fasteigninni Laufskógar 1 (sem Fljótsdalshérað keypti árið

2014) greiðist með endurgjaldslausum afnotum Minjasafnsins af húsnæðinu. Nánari upplýsingar um fjármál safnsins árið 2018 er að finna í ársreikningi sem aðgengilegur er á heimasíðu safnsins.

7. Styrkir

Minjasafnið fékk 600 þúsund króna styrk úr Húsafriðunarsjóði til viðhalds á sumarhúsi Jóhannesar Kjarvals í Kjarvalshvammi í Hjaltastaðarþinghá. Samfélagssjóðir Landsvirkjunar og Alcoa Fjarðaáls styrktu það verkefni einnig um 300 þúsund hvort. Uppbyggingarsjóður styrkti sama verkefni um 400 þúsund krónur en sá styrkur var ekki greiddur út á árinu 2018. Uppbyggingarsjóður veitti einnig 300 þúsund króna styrk til sýningarinnar Nr. 2 Umhverfing og Fljótsdalshérað styrkti sömu sýningu um 200 þúsund krónur. Safnasjóður veitti safninu 600 þúsund króna styrk til að láta forverja textíla úr eigu Jóhannesar Kjarval og síðast en ekki síst fékk safnið 700 þúsund króna rekstrarstyrk úr Safnasjóði. Þá fékk verkefnið Austfirskt fullveldi – sjálfbært fullveldi? einnig styrk úr Uppbyggingarsjóði en Minjasafnið var einn af mörgum samstarfsaðilum í því verkefni.

8. Safnkostur: Afhendingar, skráning, varðveisla, útlán

Safnkostur Minjasafns Austurlands telur nú hátt í 11.800 gripi. Umsýsla safnkostarins er eitt af megin verkefnum Minjasafnsins á hverjum tíma enda ljóst að án hans væri ekkert safn. Stöðugt er unnið að því að bæta geymsluskilyrði, skráningar og fleira sem við kemur safnkostinum. Þá bætist stöðugt í safnið og ánægjulegt til þess að hugsa hve margir átta sig á mikilvægi þess að varðveita söguna sem felst í efnismenningu okkar.

8.1 Afhendingar og skráningar

Safninu bárust um 120 nýir gripir á árinu. Meðal annars barst safninu afhending sem innihélt gripi frá verslunarkonunni Pálínu Waage á Seyðisfirði en áður hafði safnið fengið afhent stórt safn gripa sem tengdust verslunarrekstri Pálínu og bætist þessi afhending við það safn. Meðal annarra gripa sem safnið fékk afhenta á árinu má nefna skemmtilegt og vel með farið safn leikfanga frá Kristínu Aðalsteinsdóttur á Egilsstöðum, mótmælaskilti frá mótmælum gegn Kárahnjúkavirkjun, gólfðregil og fermingarkyrtla úr Hofteigskirkju á Jökuldal og forláta ölkassa frá Kaupfélagi Héraðsbúa. Þá unnu safnverðir áfram ötullega við að ljósmynda gripi og yfirfara og bæta eldri skráningar í Spari.

8.2 Útlán

Munir sem áður höfðu verið teknir til sýninga utan Minjasafnsins voru það áfram á árinu. Munir sem tilheyrðu Vigfúsi Sigurðssyni frá Egilsstöðum í Fljótsdal voru áfram til sýnis á Óbyggðasetrinu í Fljótsdal, Heilbrigðisstofnun Austurlands á Egilsstöðum sýndi muni sem tengjast heilbrigðisþjónustu á Fljótsdalshéraði í biðstofu sinni og munir frá Minjasafninu voru til sýnis á Sómastöðum í Reyðarfirði en húsið tilheyrir Húsasafni Þjóðminjasafnsins. Þá voru munir frá Minjasafninu áfram til sýnis í Fjarðaselsvirkjun á Seyðisfirði á vegum Rarik.

8.3 Varðveislurými: Flutningar og endurskipulagning

Á árinu var áfram unnið ötullega að endurskipulagningu varðveislurýma Minjasafnsins en segja má að sú vinna hafi hafist af alvöru árið 2017 þegar hluti safnkostarins var fluttur í varðveislurými að Tjarnarási á Egilsstöðum sem safnið leigir Fljótsdalshéraði. Ætlunin var að hefja skipulagningu þess rýmis á árinu 2018 en það gekk ekki eftir. Þess í stað var áhersla lögð á að endurskipuleggja rými safnsins í Safnahúsinu og hefur sú vinna gengið vel. Mikið verk er enn óunnið á Tjarnarási sem bíður næsta árs.

8.4 Forvarsla textíla úr eigu Jóhannesar Kjarvals

Á árinu 2018 var haldið áfram með verkefni sem hófst árið áður og snérist um að láta forverja og styrkja valda textíla úr eigu listmálarans Jóhannesar Kjarvals. Minjasafnið varðveitir stórt safn persónulegra gripa úr eigu listmálarans sem afhent hefur verið safninu í áföngum á undanförunum árum. Þar á meðal er margvíslegur textíll svo sem föt, yfirhafnir, hattar, teppi og fleira. Þórdís Baldursdóttir, textílforvörður, var fengin til að leggja mat á



Hattur úr eigu Jóhannesar Kjarval. Einn af gripunum sem var forvarinn á árinu.

ástand gripanna og í framhaldinu tók hún að sér að forverja þá. Fyrsti áfangi verkefnisins fór fram árið 2017 en hinn síðari í ár. Minjasafnið hlaut styrki úr Safnasjóði til verksins bæði árin.

8.5 Kjarvalshvammur



Frá framkvæmdum í Kjarvalshvammi.

Mynd: EGB

Minjasafnið er umsjónaraðili sumarhúss Jóhannesar Kjarval sem stendur í landi Ketilsstaða í Hjaltastaðarþinghá. Um nokkurt skeið hefur verið ljóst að tímabært væri að ráðast í viðhald á húsinu til að tryggja áframhaldandi varðveislu þess. Undirbúningur verkefnisins hófst á árinu 2017 en framkvæmdir hófust í september síðastliðnum. Björn Björgvinsson, húsasmíðameistari, var fenginn til að hafa yfirumsjón með verkinu en hann hefur víðtæka reynslu af viðhaldi gamalla húsa.

Honum til fulltingis var Magnús Eiríksson húsasmíðameistari.

Fyrsti áfangi verkefnisins sem fram fór á árinu fólst fyrst og fremst í því að styrkja undirstöður hússins sem voru orðnar mjög lélegar og gera við gólfbita og fótstykki. Húsið var híft af undirstöðum sínum, eldri undirstöðu fjarlægðar og nýjar forsteyptar einingar settar undir húsið í staðinn. Í næsta áfanga framkvæmda, sem áætlaður er á árinu 2019, er ætlunin að leggja áherslu á klæðningu hússins sem er víða orðin mjög léleg og fúin.

Ekki er ætlunin að gera neinar breytingar á húsinu. Markmiðið með framkvæmdunum er fyrst og fremst að koma í veg fyrir frekari skemmdir og tryggja varðveislu hússins um ókomna tíð svo það megi áfram standa í hvamminum sem minnisvarði um listamanninn Jóhannes Kjarval.

9. Gestafjöldi og heimsóknir

Á árinu 2018 heimsóttu 2820 manns Minjasafnið þegar allt er talið og er það umtalsverð fjölgun frá síðasta ári. Almennir gestir voru tæplega 2100 þar af voru erlendir gestir rúmlega 1300 (1130 fullorðnir og 172 börn) og innlendir tæplega 800 (590 fullorðnir og 200 börn) sem er mikil fjölgun frá síðasta ári. Í júní, júlí og ágúst, þegar sumaropnunartími safnsins var í gildi, voru gestirnir 1400 sem er fjölgun um 450 frá árinu áður. Gestum í maí og september fjölgaði einnig. Rúmlega 600 nemendur heimsóttu safnið í skipulögðum skólaheimsóknum



Hópur erlendra ferðamanna fær leiðsögn um safnið. Mynd: EGB

sem er nokkur fækkun frá árinu á undan þegar þeir voru tæplega 700. Þessum nemendum og fylgdu rúmlega 100 kennarar (sjá nánar um safnfræðslu í kafla 14).

10. Húsnæðismál

Á árinu voru stigin mikilvæg skref í átt að nýrri viðbyggingu við Safnahúsið. Þá var Minjasafnið valið í eftirlit Safnaráðs sem snýr að húsakosti, aðbúnaði safnkosts, varðveislu gripa og öryggismálum og fór fyrsti hluti þess eftirlits fram á árinu.

10.1 Viðbygging við Safnahús



Lilja Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra og Björn Ingimarsson, bæjarstjóri Fljótsdalshéraðs undirrita samkomulag um uppbyggingu í menningarhúsum í sveitarfélaginu. Mynd: EGB

Um árabil hefur verið í deiglu að reisa aðra burst við Safnahúsið á Egilsstöðum sem hýsir Minjasafn Austurlands, Héraðsskjalasafn Austfirðinga og Bókasafn Héraðsbúa. Upphaflegar teikningar af húsinu gera ráð fyrir þremur burstum en þegar húsið var byggt var aðeins byggð ein burst og kjallari undir aðra. Árið 1999 ákvað þáverandi ríkisstjórn að leggja fé til uppbyggingar menningarhúsa á Ísafirði, Sauðárkróki, Akureyri, Egilsstöðum og í Vestmannaeyjum. Upphaflegar hugmyndir gerðu ráð fyrir að nýtt menningar- og stjórnsýsluhús myndi rísa í miðbæ Egilsstaða

en horfið var frá þeim hugmyndum þar sem ljóst þótti að mikill kostnaður hefði fallið á sveitarfélagið. Þess í stað kom upp sú hugmynd að nýta peningana til að efla þau hús sem fyrir eru í sveitarfélaginu og byggja upp Sláturhúsið sem hýsir Menningarmiðstöð Fljótsdalshéraðs og reisa nýja burst við Safnahúsið. Í október 2016 skrifuðu Illugi Gunnarsson þáverandi mennta- og menningarmálaráðherra og Björn Ingimarsson bæjarstjóri Fljótsdalshéraðs undir viljayfirlýsingu þess efnis að ný burst yrði reist við Safnahúsið á næstu árum. Samkvæmt yfirlýsingunni átti tillaga um fjárheimildir vegna verkefnisins að vera lögð fram sem hluti af fjárlagafrumvarpi ársins 2018. Sú varð hins vegar ekki raunin og fjárheimildirnar voru ekki hluti af fimm ára fjármálaáætlun sem þáverandi ríkisstjórn lagði fram í maí 2017.

Í maí 2018 dróg hins vegar til tíðinda að nýju þegar Lilja Alfreðsdóttir mennta- og

menningarmálaráðherra og Björn Ingimarsson, bæjarstjóri Fljótsdalshéraðs undirrituðu samning sem felur í sér stofnframlag til uppbyggingar í menningarhúsunum á Egilsstöðum. Samkomulagið gerir ráð fyrir að stofnframlaginu verði varið til uppbyggingar menningarhúss í Sláturhúsinu sem verði gert að fjölnota menningarhúsi sem rúma skuli m.a. sviðslistir, tónlist, sýningar og vinnustofur. Einnig verði reist ný burst við Safnahúsið, líkt og ráð var fyrir gert í upprunalegum teikningum, sem verði til að bæta aðstöðu fyrir safnkost og sýningar auk aðstöðu fyrir fræði- og rannsóknarstörf. Markmið samkomulagsins er að framangreindar byggingar verði ekki einungis vettvangur menningar- og safnastarfsemi á Fljótsdalshéraði heldur að þær gegni einnig lykilhlutverki sem slíkar á Austurlandi. Undirritunin fór fram við að viðstöddu fjölmenni í Safnahúsinu.

10.2 Eftirlit Safnaráðs

Minjasafnið var meðal 20 viðurkenndra safna á landinu sem valið var til eftirlits safnaráðs 2018. Eftirlitið snéri að húsakosti safnsins, aðbúnaði safnkosts, varðveislu gripa og öryggismálum. Um er að ræða einn hluti af þrjúþættu eftirliti sem Safnaráð hefur með viðurkenndum söfnum sem starfa eftir skilmálum Safnaráðs. Á hverju ári eru nokkur söfn valin til að gangast undir eftirlitið og fer það þannig fram að söfnunum er gert að útfylla með ýtarlegum hætti eyðublöð þar sem spurt er um þau atriði er undir eftirlitið falla. Jafnframt þurfa söfnin að skila margvíslegum fylgigögnum svo sem ljósmyndum, teikningum af geymslu- og sýningarrýmum, staðfestingum á virkni öryggiskerfa og niðurstöðum mælinga á raka- og hitastigi og ljósmagni. Safnaráð fer yfir niðurstöðurnar og skilar í framhaldinu skýrslu þar sem farið er yfir niðurstöðurnar og gerðar tillögur að því sem betur mætti fara. Minjasafn Austurlands skilaði af sér öllum umbeðnum upplýsingum og gögnum á tilsettum tíma. Skýrslu Safnaráðs er síðan að vænta í byrjun næsta árs. Innan tveggja ára frá tilkynningu um eftirlit sendir Safnaráð svo eftirlitsaðila í safnið til að meta hve vel hafi tekist til með úrbætur.

10.3 Eldvarnarbandalagið

Haustið 2017 gerðu Brunavarnir á Austurlandi og sveitarfélögin sem að þeim standa samkomulag við Eldvarnarbandalagið svokallaða um að efla eldvarnir á heimilum starfsmanna og í stofnunum sveitarfélaganna. Um var að ræða tilraunaverkefni til eins árs en það hófst 1. janúar 2018. Verkefnið fól í sér að stofnanir innleiddu eigið eldvarnareftirlit samkvæmt leiðbeiningum, gátlistum og öðrum gögnum sem Eldvarnarbandalagið hefur gefið

út. Söfnin í Safnahúsinu tóku saman þátt í verkefninu undir merkjum hússins. Hver stofnun/bygging skipaði eldvarnarfulltrúa sem hafði yfirumsjón með mánaðarlegu eldvarnareftirliti. Bára Stefánsdóttir, héraðsskjalavörður, var eldvarnarfulltrúi hússins. Verkefnið gafst afar vel í Safnahúsinu en því lauk í árslok 2018 og ekki hefur verið tekin ákvörðun um framhaldið.

11. Sýningar

Sýninga- og viðburðahald Minjasafnsins var blómlegt á árinu. Sumarsýningar voru tvær að þessu sinni og boðið var upp á margar smærri sýningar yfir árið með munum úr safnkosti safnsins.

11.1 Grunnsýning

Grunnsýning Minjasafnsins var óbreytt á árinu. Sýningin er tvískipt, annars vegar er þar um að ræða sýninguna Sjálfbær eining og hins vegar sýninguna Hreindýrin á Austurlandi. Á fyrrnefndu sýningunni er leitast við að sýna hvernig hvert íslenskt sveitaheimili þurfti að vera sjálft sér nægt um brýnustu lífsnauðsynjar og þar eru til sýnis gripir sem tilheyra sögu gamla sveitasamfélagsins á Austurlandi eins og það var fram undir miðja 20. öld. Á sýningunni Hreindýrin á Austurlandi, sem opnuð var árið 2015 er fjallað um lífshætti og lífsbaráttu hreindýranna, hættur sem þau búa við af náttúru- og mannavöldum, rannsóknir á þeim, sögu hreindýraveiða og hvernig afurðir dýranna hafa verið nýttar í matargerð, handverki og hönnun.

11.2 Austfirskt fullveldi – sjálfbært fullveldi?




Frá sýningunni Austfirskt fullveldi – sjálfbært fullveldi í Minjasafninu.
Mvnd. EGB

Í tilefni af 100 ára afmæli fullveldis Íslands tóku nokkrar menningar- og fræðslustofnanir á Austurlandi höndum saman um verkefni til að minnast tímamótanna. Farin var sú leið að skoða með nýstárlegum hætti hugtökin fullveldi og sjálfbærni og tengslin þar á milli. Útkoman var sýning sem skiptist í fjóra hluta sem voru opnaðar á fjórum stöðum á Austurlandi á 17. júní, í Minjasafni Austurlands, í Tækniminjasafninu á Seyðisfirði, í

Randulfssjóhúsi á Eskifirði og á Skriðuklaustri í Fljótsdal. Sýningarnar fjölluðu um börn árin 1918 og 2018 og var líf þeirra, nánasta umhverfi og samfélag speglað við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Í tengslum við verkefnið var jafnframt opnuð heimasíða þar sem finna mátti margvíslegan fróðleik og fræðsluefni fyrir skóla. Verkefnið náði svo hápunkti á veglegri lokahátíð sem fram fór í Menntaskólanum á Egilsstöðum á fullveldisdaginn, 1. desember en þar voru sýningarnar fjórar sameinaðar á einn stað. Verkefnið var leitt af Austurbrú en auk þeirra stofnana sem þegar hafa verið nefndar koma Héraðsskjalasafn Austfirðinga, Skólaskrifstofa Austurlands, Safnastofnun Fjarðabyggðar og Landgræðsla ríkisins einnig að því. Sýningarnar og allt efni þeim tengt var hannað af Litten Nystrøm og Ingva Erni Þorsteinssyni.

11.3 Nr. 2. Umhverfing

Myndlistarsýningin Nr. 2 Umhverfing stóð yfir í Safnahúsinu frá 17. júní og fram í byrjun september. Sýningin var samsýning 37 listamanna sem allir áttu það sameiginlegt að tengjast Fljótsdalshéraði á einn eða annan hátt. Sýningin var sett upp á þremur stöðum á Egilsstöðum: í Safnahúsinu, Sláturhúsinu og hjúkrunarheimilinu Dyngju. Að sýningunni stóð hópur myndlistarkvenna sem nefnist Akademía skynjunarinnar. Hana mynda þær Anna Eyjólfsdóttir, Ragnhildur Stefánsdóttir, Rúrí og Þórdís Alda Sigurðardóttir. Hugmyndin að baki verkefninu var að setja upp myndlistarsýningar í óhefðbundnum rýmum þar sem ekki er hefð fyrir nútíma myndlistarsýningum, færa hana þannig nær almenningi og skapa umræðu um tilgang lífs og lista. Árið áður hafði hópurinn staðið fyrir sambærilegri sýningu í Skagafirði sem bar yfirskriftina Nr. 1 Umhverfing og er fyrirhugað að halda sýningar sem þessar víðar um land á næstu árum. Í tengslum við sýninguna var gefin út samnefnd bók með upplýsingum um listamennina og verk þeirra.



Verkið „Snýst um Ás-t“ eftir listakonuna Yst var meðal þeirra verka sem sýnd voru í Safnahúsinu á sýningunni Nr. 2 Umhverfing. Mynd: EGB

11.2 Gengið fyrir gafl

Fyrir páskana var sýningin Gengið fyrir gafl sett upp í skápnum fyrir framan Bókasafn Héraðsbúa á 3. hæð Safnahússins. Þar voru til sýnis gripir úr safnkosti Minjasafnsins sem

tengjast fermingum eða því að „ganga fyrir gaff“ eins og sú athöfn var stundum kölluð. Þar voru m.a. til sýnis tveir fermingarkjólar, fermingarhanskar, sálmaþók, heillaóskaskjal og fleira.

11.4 Kona á skjön



Gestir á opnun sýningarinnar Kona á skjön. Mynd: EGB

spurningakeppni um verk Guðrúnar. Opnunin var vel sótt og ekki annað að heyra en að gestir væru vel að sér í sögum Guðrúnar miðað við árangurinn í spurningakeppninni.

Í október var opnuð í Safnahúsinu farandsýningin Kona á skjön sem fjallar um ævi og störf rithöfundarins Guðrúnar frá Lundi. Höfundar sýningarinnar eru Kristín Sigurrós Einarsdóttir leiðsögumaður og kennari og Marín Guðrún Hrafnisdóttir bókmenntafræðingur og langömmubarn Guðrúnar frá Lundi. Þær mættu báðar á opnun sýningarinnar, fluttu þar erindi um Guðrúnu og stóðu fyrir svokölluðu „kaffíkvisi“ sem var

11.5 Jólagluggi Pálínu Waage

Jólasýning Minjasafnsins bar yfirskriftina Jólagluggi verslunar Pálínu Waage. Þar gafst gestum kostur á að hverfa aftur í tímann og skyggjast inn um jólaglugga þessarar frægu verslunar.

Verslun E.J. Waage á Seyðisfirði var upphaflega stofnuð af Pálínu Guðmundsdóttur Waage árið 1907 í nafni eiginmanns hennar, Eyjólfssonar Waage. Síðar tók Jón sonur þeirra við rekstrinum en árið 1962 var komið

að Pálínu Waage yngri, dótturdóttur Pálínu og Eyjólfssonar að taka við keflinu. Undir stjórn Pálínu yngri var verslunin nefnd Pöllubúð í daglegu tali. Búðin er ógleymanleg öllum sem í hana komu en þar var sannarlega hægt að fá allt milli himins og jarðar. Minjasafn Austurlands geymir mikið safn gripa sem tengist verslunarrekstri Pálínu Waage. Í tilefni jóla var því settur upp einskonar búðargluggi með jólavörum úr búðinni í skápnum fyrir framan Bókasafnið á þriðju hæð.



Sýningin Jólagluggi verslunar Pálínu Waage. Mynd: EGB

12. Viðburðir og verkefni

Auk sýninga stóð Minjasafnið fyrir margvíslegum viðburðum á árinu. Áhersla var lögð á að laða barnafólk og fjölskyldur að safninu með því að bjóða upp á viðburði sem hentuðu fyrir alla aldurshópa. Þá kom safnið einnig að einni ráðstefnu og Bókavöku Safnahússins.

12.1 Öskupokasmiðja



Kristjana Björnsdóttir leiðbeinir Snærós Örne Daðadóttur við saumaskapinn. Mynd EGB

Á bollu- og sprengidag stóðu Minjasafnið og Bókasafn Héraðsbúa fyrir öskupokasmiðju í samstarfi við Soroptimistaklúbb Austurlands. Þar gafst gestum og gangandi færi á sauma öskupoka og viðhalda þannig þessum séríslenska sið. Konur úr Soroptimistaklúbbnum sáu um að leiðbeina gestum ef á þurfti að halda. Gestirnir, sem voru á öllum aldri, munduðu nálarnar af mikilli fimi og saumuðu hvern öskupokann af öðrum.

12.2 Með öræfin í bakgarðinum

Í maí stóð Stofnun rannsóknasetra Háskóla Íslands á Austurlandi fyrir ráðstefnu undir yfirskriftinni "Með öræfin í bakgarðinum. Um tengsl hálendis og samfélags á Austurlandi". Minjasafnið var einn samstarfsaðili stofnunarinnar við skipulagningu málþingsins en aðrir samstarfsaðilar voru Náttúrustofa Austurlands, Vatnajökulspjóðgarður/Snæfellsstofa og Óbyggðasetur Íslands. Á ráðstefnunni fluttu vísindamenn á sviði ýmissa fræðigreina erindi auk þess sem heimamenn lögðu sitt af mörkum um sögu byggðar og öræfa fyrr og nú.

Aðkoma Minjasafnsins að ráðstefnunni fólst í því að safnið bauð öllum ráðstefnugestum til móttöku í Safnahúsinu auk þess sem safnstjóri flutti erindi á málþinginu um rannsóknir sínar á upplifun fólks af öskufallinu sem kom í kjölfar eldgossins í Öskju 1875.

12.3 BRAS

Í ár var Barnamenningarhátíð Austurlands, BRAS, haldin í fyrsta sinn um allt Austurland. Boðið var upp á fjölbreytta dagskrá með vinnusmiðjum, leiksýningum, tónleikum og

myndlistarsýningum í samstarfi við fjölmargar stofnanir um allan fjórðung. Minjasafnið lét að sjálfsögðu ekki sitt eftir liggja. Á opnunardegi hátíðarinnar, laugardaginn 8. september, var boðið upp á barnaleiðsagnir um sýningarnar Nr. 2 Umhverfing og Austfirskt fullveldi - sjálfbært fullveldi? Þá stóð safnið fyrir viðburði miðvikudaginn 26. september undir yfirskriftinni BRAS-að á Minjasafninu. Þar var boðið upp á leiðsögn Berglindar sagnakonu um sýninguna Austfirskt fullveldi - sjálfbært fullveldi?; gestum gafst kostur á að prófa ýmsa leiki og þrautir frá fyrri tíð og síðast en ekki síst fengu ungir gestir að athuga hvort í þeim leyndust fornleifafræðingar framtíðarinnar í sérstakri fornleifasmiðju. Viðburðurinn var vel sóttur og vakti fornleifasmiðjan sérstaka lukku meðal gesta.



Fornleifafræðingar framtíðarinnar leita að fornminjum og skrá upplýsingar Mynd: EGB

12.4 Fjölskyldusamvera á aðventu

Minjasafnið og Bókasafnið stóðu saman að fjölskyldusamverustund í byrjun aðventu undir yfirskriftinni Líða fer að jólum. Þá var börnum og fjölskyldum þeirra boðið að heimsækja söfnin og leika sér og leysa þrautir í friði frá jólastressi. Meðal þess sem boðið var upp á var jólasveinaratleikur um Minjasafnið sem vakti mikla lukku. Hann fólst í því að leita að þrettán litum jólasveinum, Grýlu, Leppalúða og Jólakettinum en öll höfðu þau falið sig inni á Minjasafninu í nálægð við hluti sem tengdust áhugamálum þeirra. Þá var einnig hægt að spila jólabingó, föndra jólaskraut, fræðast um börnin hennar Grýlu og að sjálfsögðu svignuðu hillur bókasafnsins undan jólabókunum. Fjöldi barna og foreldra lagði leið sína á söfnin þennan dag og ekki annað að sjá en að allir væru í sannkölluðu jólaskapi.

12.5 Bókavaka

Árleg bókavaka Safnahússins fór fram 3. desember. Bókasafn Héraðsbúa hafði veg og vanda af skipulagningunni en hin söfnin í Safnahúsinu komu einnig að henni. Á vökunni voru kynntar nýútgefnar austfirskar bækur og höfundar lásu úr nokkrum þeirra. Meðal þeirra sem lásu úr verkum sínum voru Stefán Bogi Sveinsson, Steinunn Ásmundsdóttir, Kristborg Bóel Steindórsdóttir og Hulda Sigurdís Þráinsdóttir.

13. Heimasíða og samfélagsmiðlar

Heimasíða Minjasafnsins var áfram vel nýtt á árinu. Reynt var að birta fréttir úr starfinu og annað forvitnilegt efni reglulega. Að meðaltali voru settar inn tvær fréttir á mánuði þar sem fjallað var um það sem efst var á baugi í starfinu hverju sinni. Þá var síðan einnig nýtt til að miðla fróðleik um safnkostinn, m.a. var boðið upp á jóladagatal þar sem talið var niður til jóla með því að birta daglega upplýsingar um einn grip úr safnkosti safnsins sem tengdist á einhvern hátt jólahaldi. Dagatalið fékk góðar viðtökur og var mikið skoðað.

Facebook síða Minjasafnsins var einnig vel nýtt á árinu. Þar var myndum og fréttum af heimasíðunni deilt svo og áhugaverðu efni frá öðrum aðilum. Þá var Facebook einnig nýtt til að vekja athygli á viðburðum og öðru sem um var að vera á safninu. Á árinu tók safnið jafnframt samfélagsmiðilinn Instagram í þjónustu sína og er stefnt á að nýta þannig miðil betur í framtíðinni, t.d. til að ná til erlendra ferðamanna.

14. Safnfræðsla

Safnfræðsla Minjasafnsins hélt áfram að vaxa og dafna á árinu. Fleiri hlutar nýs námsefnis Minjasafnsins litu dagsins ljós og safnið fékk heimsóknir frá víðsvegar úr fjórðungnum.

14.1 Skólaheimsóknir



Nemendur í 2. bekk í Egilsstaðaskóla fræðast um hreindýr. Mynd: EGB

Tekið var á móti 613 nemendum á Minjasafninu á árinu sem eru nokkur fækkun frá árinu áður þegar þeir voru tæplega 700. Nemendur leikskóla voru 216, grunnskólanemendur voru 425 og framhaldsskólanemendur 43. Þessum nemendum fylgdu rétt rúmlega 100 kennarar. Langflestir nemendurnir komu úr skólunum á Fljótsdalshéraði en ánægjulegt var að sjá hversu margir skólahópar úr skólum annars staðar af Austurlandi lögðu leið sína í safnið á árinu. Safnið fékk heimsóknir frá leikskólanum Kærabæ á Fáskrúðsfirði, leikskólanum Sólvöllum á Seyðisfirði og Leikskólanum á Stöðvarfirði. Þá heimsótti 1.-7. bekkur grunnskólans á Eskifirði safnið auk þess sem safnið fékk heimsókn frá hóp nema úr Verkmenntaskólanum í Neskaupstað.

Safnið hélt áfram samstarfi sínu við leikskólann Tjarnarskóg sem felst í því allir nemendur sem verða fjöggra ára á viðkomandi skólaári koma í fjórar heimsóknir á safnið yfir

veturinn. Í hverri heimsókn er tekið fyrir ákveðið þema: húsakynni fólks í gamla daga; klæðnaður, matur og leikir barna. Í heimsóknunum er lögð áhersla á að kynna fyrir nemendum þær umgengnisreglur sem gilda á söfnum og leyfa þeim að snerta og prófa sjálf eins og hægt er. Þá heimsótti safnstjóri leikskólann Hádegishöfða í Fellabæ á bóndadaginn með fræðslu. Hefð hefur skapast fyrir þessum heimsóknum en með þeim er reynt að koma til móts við leikskólann sem á ekki eins auðvelt með að heimsækja safnið og skólarnir sem nær því eru.

14.2 Námsefni Minjasafnsins

Árið 2016 hlaut safnið styrk úr Safnasjóði til að láta gera námsefni fyrir safnið. Markmið verkefnisins var að gera safnfræðsluna markvissari og ná betur til þeirra skóla sem eiga erfitt með að heimsækja safnið t.d. sökum fjarlægðar. Unnur María Sólmundsdóttir, sem á og rekur kennslugagnabankann Kennarinn.is, var fengin til að útbúa efnið sem saman stendur af tíu námsefnispökkum, einum fyrir hvern bekk grunnskólans. Mismunandi umfjöllunarefni eru fyrir hvern árgang en öll tengjast þau á einhvern hátt sýningum og safnkosti Minjasafnsins eða sögu Austurlands. Fyrsti pakkin leit dagsins ljós í nóvember 2017 en þar var um að ræða efni ætlað þriðja bekk sem tengist sýningunni Hreindýrin á Austurlandi. Smátt og smátt hafa fleiri pakkar litið dagsins ljós og í árslok 2018 voru fimm fyrstu pakkarnir komnir á vefinn og síðustu fimm svo gott sem tilbúnir. Efnið er aðgengilegt á netinu í gegnum heimasíðu Minjasafnsins og Kennarans og hafa viðbrögð kennara á svæðinu verið góð. Efnið er bæði hugsað sem stuðningur við heimsóknir á safnið en einnig er gert ráð fyrir því að þeir kennarar sem ekki eiga þess kost að koma með nemendur sína á safnið geti nýtt það við sína kennslu. Fyrstu áætlanir gerðu ráð fyrir að verkefnið myndi klárast á árinu 2017 en af ýmsum óviðráðanlegum ástæðum gekk það ekki eftir. Stefnt er á að efnið verði allt tilbúið á fyrri hluta ársins 2019.

14.3 Hauksbókarsjóður

Hauksbókarsjóður, sem er í umsjá Minjasafnsins og Bókasafns Héraðsbúa, veitti, eins og undanfarin ár, nemendum sem útskrifuðust af listnámsbraut Menntaskólans á Egilsstöðum, hvatningarverðlaun sjóðsins. Sjóðurinn er minningarsjóður um Hauk Stefánsson listmálara frá Rjúpnafelli í Vopnafirði og er hlutverk hans að efla myndlist á Austurlandi með viðurkenningum og bókagjöfum. Í ár útskrifuðust fjórir nemendur af listnámsbraut, Aron Steinn Halldórsson, Kolbrún Drífa Eiríksdóttir, Sigríður Hlíðkvist G. Kröyer og Stefán Núi

Stefánsson. Nemendurnir fengu eintök af bókinni Haukur Stefánsson sem gefin var út í tengslum við sýningu á verkum hans í Listasafninu á Akureyri. Gjöfin er hugsuð sem hvatning til nemendanna til að halda áfram göngu eftir stígum listarinnar.

15. Ráðstefnur, fundir, námskeið og samstarf

Starfsfólk safnsins reyndi eftir megni að sækja flesta þá fundi og námskeið sem tengdust á einhvern hátt starfsemi safnsins og hlutverki þess. Þá tók safnið þátt í margvíslegu samstarfi.

15.1 Fundir og námskeið

Safnstjóri sótti námskeið um ný persónuverndarlög sem Austurbrú stóð fyrir í janúar og einnig fund sem haldinn var á vegum Persónuverndar um sama málefni og var hluti af fundarröð þeirra um landið. Þá var óskað eftir setu safnstjóra í rýnihóp um fjarnám á vegum Austurbrúar en skipun hópsins var hluti af könnun á þörfum og áhuga fyrir fjarnámi á Austurlandi og var rýnihópurinn hugsaður sem hluti af samtali við atvinnulífið og helstu stofnanir í landshlutanum. Safnstjóri sótti einnig árlegan vorfund Þjóðminjasafnsins í apríl en þema hans að þessu sinni var ljósmyndir og varðveisla þeirra. Þá sat safnstjóri kynningarfund á vegum Rannís og Austurbrúar þar sem fjallað var um styrkjamöguleika í nýsköpun, menntun og menningu.

15.2 Farskóli FÍSOS

Starfskonur Minjasafnsins tóku að venju þátt í Farskóla Félags íslenskra safna og safnmanna (FÍSOS) sem var haldinn í Dublin á Írlandi að þessu sinni. Farskólinn er árleg fagráðstefna safnafólks á Íslandi þar sem það fræðist um málefni safna í sem víðustu samhengi. Á ráðstefnunni voru fyrirlestrar og kynningar tvinnnaðar saman við skipulagðar heimsóknir á söfn og sýningar. Þátttakendur fengu þannig innsýn í fjölbreyttan heim safna í Dublin og tækifæri að hitta fagfólk úr írska safnaheiminum sem tóku á móti þátttakendum á hverjum stað fyrir sig. Ráðstefna á borð við Farskólann er mikilvægur vettvangur fyrir safnafólk þar sem reynslu og þekkingu frá ólíkum sviðum safnaheimsins er miðlað. Farskólinn er því grunnþáttur í endurmenntun safnmanna. Þó íslenski safnaheimurinn sé fjölbreyttur er mikilvægt að víkka sjóndeildarhringinn og veita sem flestum tækifæri til að kynnst metnaðarfullu safnastarfi erlendis. Á ráðstefnu sem þessari gefst þátttakendum einstakt tækifæri til að gægjast bak við tjöldin sér til fróðleiks, kynnst starfsumhverfi safnmanna hér á landi og erlendis og efla tengsl félagsmanna FÍSOS sem hittast sjaldan sökum fjarlægðar á

milli safna landsins.

15.3 Aðild að félögum


Minjasafnið var áfram aðili að FÍSOS, félagi íslenskra safna og safnmanna. Þá var safnið einnig áfram aðili að Þjónustusamfélaginu á Héraði en það eru samtök stofnana, fyrirtækja og ferðaþjónustuaðila á svæðinu sem hafa það markmið að efla upplýsingagjöf og þjónustu við íbúa og ferðamenn. Safnið var einnig áfram í Félagi um sögutengda ferðaþjónustu en samtökin eru samráðsveitvangur aðila sem stunda söguferðaþjónustu á Íslandi, einkum hvað varðar markaðssetningu, gæði og fagmennsku.

15.4 Ljósmyndasafn Austurlands

Safnið var áfram aðili að Ljósmyndasafni Austurlands sem er sérstök deild innan Héraðsskjalasafns Austfirðinga og hefur það umsjón með rekstri þess og verkefnum. Ljósmyndasafnið geymir í kringum 80 þúsund myndir en allar ljósmyndir sem berast Minjasafninu eru varðveittar þar. Minjasafnið veitir fé til reksturs Ljósmyndasafnsins að einum þriðja á móti Héraðsskjalasafninu og Sambandi sveitarfélaga á Austurlandi.

16. Markaðssetning og fjölmiðlaumfjallanir

Hönnunarfyrirtækið PES ehf á Egilsstöðum hannaði árið 2016 einblöðung með upplýsingum um grunnsýningar og opnunartíma safnsins. Einblöðungnum var dreift á upplýsingamiðstöðvar, hótél og veitingastaði í fjórðungnum og víðar á árinu. Þá auglýsti safnið í Kompási, Safnabókinni, Vegahandbókinni og bókinni Best of Iceland auk þess sem greinar um safnið bitust í tímaritinu Icelandic Times. Safnið þátt í sameiginlegu auglýsingaátaki safna í útvarpsauglýsingum RÚV og auglýsti þar einnig á eigin vegum. Þá var sett stór auglýsingasegl á hlið Safnahússins til að vekja athygli vegfarenda á sýningunni Hreindýrin á Austurlandi. Allir



Bás Minjasafnsins á náms- og atvinnulífs-sýningunni Að heiman og heim Mynd: EGB

viðburðir á vegum safnsins voru kynntir á heimasíðu og Facebooksíðu safnsins. Fréttatilkynningar voru sendar til fjölmiðla og stærri viðburðir voru auglýstir í staðbundnum miðlum. Nokkuð var um að fjölmiðlar fjölluðu um sýningar og viðburði á vegum Minjasafnsins, m.a. var fjallað um sumarsýningar safnsins í Mannlega þættinum á Rás 1 auk þess sem safnið var safn vikunnar í þættinum Sumarmál á sömu stöð. Þá var einnig fjallað um sumarsýningarnar í héraðsfréttablaðinu Austurglugganum og á vefnum Austurfrétt. Síðast en ekki síst kynnti safnið starfsemi sína á náms- og atvinnulífssýningunni Að heiman og heim sem félagið Ungt Austurland stóð fyrir í september. Markmið sýningarinnar var að kynna fyrir ungu fólki, sem er að hefja eða ljúka námi, fjölbreytt og spennandi framtíðartækifæri á Austurlandi.

17. Lokaorð

Hér hefur verið stiklað á stóru um starfsemi Minjasafns Austurlands á árinu 2018. Árið var viðburðaríkt á öllum sviðum starfseminnar eins og þessi skýrsla ber með sér. Uppúr standa tvær stórar sumarsýningar þar sem listsköpun, menning, saga og framtíðarsýn tvinnaðist saman á skemmtilegan hátt. Engin ástæða er til að ætla annað en að starfsemi safnsins verði áfram blómleg á næsta ári enda margt framundan. Áfram verður haldið með framkvæmdir í Kjarvalshvammi, ætlunin er að efla safnfræðsluna enn frekar og horfa nú til fleiri hópa en grunn- og leikskólabarna auk þess sem boðið verður upp á margvíslegar sýningar og viðburði.